

83 anna, nr. 12 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til 26. maí eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. maí 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

84
26. maí

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Bolungavíkarkauptún, nr. 96 2. júlí 1941.

Öll gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu fyrst um sinn, þar til annað verður ákveðið, innheimtast með 100% viðauka.

Hækkun þessi skal þó ekki ná til lestargjalda skipa, sem eru 30 brúttósmálestir og þar yfir, sbr. 17. gr. hafnarreglugerðarinnar.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 11 24. marz 1944, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. maí 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

85
30. maí

AUGLÝSING

um breyting á framlagningarfresti skattskrár og kærufresti til skattstjóra í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 25 26. apríl 1944, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli skattskráin í Reykjavík lögð fram fyrir 1. júní 1944 og liggja frammi til 13. júní þ. á., að þeim degi meðtöldum, á lögákveðnum stað.

Enn fremur er ákveðið, að kærufrestur til skattstjóra skuli vera til 13. júní þ. á., að þeim degi meðtöldum.

Fjármálaráðuneytið, 30. maí 1944.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.